



Minnisblað til skipulagsnefndar Mosfellsbæjar

Efni: Minnisblað starfsmanna um brettasvæði

Dags: 21. nóvember 2022

Málsnúmer: 202207104/19.3

Málsmeðferð: Til umfjöllunar

Starfsmaður: Kristinn Pálsson, Skipulagsfulltrúi

Lögð er fram til kynningar og afgreiðslu skipulagsnefndar tillaga að deiliskipulagi fyrir nýtt svæði fyrir brettavöll við Krikaskóla fyrir iðkendur hjólabretta. Markmið breytingar skipulagsins eru að festa í sessi svæðið fyrir brettavöll og kynna tillöguna fyrir íbúum með opnum og almennum hætti skipulagslaga íbúum til umsagna. Samþykkt breytingarinnar fylgir ekki staðfesting á því hvenær völlurinn verði settur upp en ákvörðun um framkvæmdir og fjárfestingar tekur bæjarráð. Skipulagið mun þó heimila framkvæmdina þegar að henni kemur.

Greinargerð:

Brettavöllur sem nú er við Völuteig var upphaflega smíðaður og settur upp af iðkendum og þeirra forráðamönnum fyrir mörgum árum. Gæði vallarins voru í samræmi við það, timburveggir og spónaplötur sem standast illa tímans tönn, skemmast fljótt og mikið hefur þurft að lagfæra völlinn nánast á hverju ári. Völlurinn hefur ekki staðist neina öryggis staðla og hafa heilbrigðiseftirlitið og BSÍ, vottaður úttektaraðili árlega gert athugasemdir við smíði vallarins og hættu sem skapast vegna skemmda á timbrinu. Völlurinn er í slæmu ástandi og ljóst að ekki er hægt að nýta hann lengur.

Iðkendur hafa ítrekað komið að máli við starfsmenn bæjarins og óskað eftir varanlegum úrbótum á brettasvæðinu. Þessir iðkendur eru oft jaðarhópur sem ekki finnur sig í öðrum íþróttum og því er mikilvægt að finna þeim stað innan kerfisins.

Á undanförunum árum ekki fundist fjármagn til að ráðast í varanlegar úrbætur á brettavellinum, heldur reglulega farið í tímabundnar úrbætur og reynt að viðhalda þeim tækjum sem þarna eru til staðar, með misjöfnum árangri. Aðstæðum við núverandi svæði við Völuteig er einnig ábótavant, þar sem þar eru engin bílastæði eða lýsing. Lóðinni við Völuteig er einnig fyrirhuguð í aðra starfsemi og völlurinn því víkjandi.

Umhverfissvið hefur haft áhuga á að finna brettasvæðinu nýjan stað og byggja upp nýjan völl með fullgiltum tækjum sem uppfylla alla öryggis staðla. Umhverfissvið hefur því undanfarið leitað að heppilegum kost sem framtíðarstaðsetningu vallarins. Við val á nýjum stað er nauðsynlegt að horfa til margra þátta.



MOSFELLSBÆR
VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSEKNI UMHYGGJA

Staðsetning vallarins við Krikaskóla er mjög heppileg fyrir margar sakir. Fyrir utan skólalóðina er vannýtt svæði næst Reykjavegi sem slíkur völlur getur vel rúmast innan. Völlurinn er þannig aðliggjandi skólalóð en tengist henni þó ekki beint. Aðgengi að vellinum er frá bílastæðum og gætu bílastæði þar samnýst utan tíma skólahalds. Hann yrði staðsettur næst battavellinum en honum yrði sökkt í landið fyrir neðan völlinn.

Völlurinn er innan þess svæðis sem ætlað var til hljóðskermunar frá Reykjaveginum og verður umhverfis völlinn hönnuð hljóðmön sem mun einnig fela svæðið frekar í landinu. Ónæði ætti ekki að vera frá vellinum og hann öruggur frá umferð. Svæðið er á 45-70 metra frá nærliggjandi húsum.

Virðingarfyllt,

Kristinn Pálsson, skipulagsfulltrúi.

Tómas G. Gíslason, umhverfisstjóri.

Edda Davíðsdóttir, tómstunda- og forvarnarfulltrúi.